



Dagsetning: 07.08.2019
Málsnúmer: 1908022/8.2

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ Sundlaug Íþróttarmiðstöðvar Reyðarfjarðar

Vorið 2019 varð að stöðva skólasund í sundlauginn í Íþróttamiðstöð Reyðarfjarðar að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Ástæðan fyrir stöðvuninni var að lakk sem sett var yfir málningu á lauginni sumarið 2018 losnaði af í stórum stíl. Í lok maí var laugin tæmd og framkvæmdasvið hafði samband við sérfræðing hjá Á. Óskarsson sem tilgreindi tvær lausnir, en önnur lausnin, dúkleggja laugina, kemur ekki til greina þar sem sett er gólf yfir laugina yfir vetrartímann.

Hinn möguleikinn er að gera við múrinn og vatnsverja laugarkarið með sérstökum efnum. Síðan er annaðhvort hægt að flísaleggja eða mála laugina. Það þyrfti þá sömuleiðis að losa allan lausan múr og málningu og framkvæma múrviðgerðir. Hér er gert ráð fyrir heildarviðgerð á laug, rennum og efstu flísalögn. Kostnað áætlar hann 15 milljónir króna. Að mati undirritaðra er einnig hægt að fara í minni framkvæmd, skammtíma lausn, þ.e. gera eingöngu við málaða hluta laugarinnar, háþrýstíþvo, gera við sprungur og mála. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um 2 milljónir, en það fer þó mikið eftir því hversu skemmd steypan er og það kemur ekki í ljós fyrr en búíð er að háþrýstíþvo.

Einnig hefur oft komið upp umræða um að leggja sundkennslu af á Reyðarfirði og aka með nemendum til Eskifjarðar. Mikil andstaða er við þessa hugmynd hjá stjórnendum Grunnskóla Reyðarfjarðar m.a. vegna þess að það lengir skóladaginn hjá nemendum og innilaug er betri kennslulaug að margra mati. Árlegur rekstrarkostnaður myndi einnig aukast um a.m.k. 12 milljónir sjá eftirfarandi.

Áætlaður kostnaður við sundakstur Grunnskóla Reyðarfjarðar						
	fjöldi hópa	fjöldi ferða á viku	verð pr. ferð	verð pr. viku	vikur á ári	kostnaður á ári
Kostnaður við akstur						
Tilboð 1	16	18	25.000	450.000	36	16.200.000
Tilboð 2	16	18	20.000	360.000	36	12.960.000
starfsmenn				33% starf		1.650.000
Samtals kostnaður hagstæðara tilboð						14.610.000
Sparnaður						
kynding						1.050.000
Tekjur af útleigu á sal						211.200
Gólf af og á						400.000
Árlegt viðhald á sundlaug						1.000.000
Samtals sparnaður og tekjur						2.661.200
Heildarkostnaður						11.948.800

Fræðslustjóri leggur til að farið verði í minni framkvæmdir og sundlaugin gerð klár fyrir skólabyrjun, en málari telur það gerlegt.

Svanur
Verkefnastjóri á framkvæmdasviði



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 2000
v.w.fjarðabyggd.is
kt.47069812099

fræðslustjóri

Mjólfjörður Eskifjörður Fáskrúðisfjörður Breiðdalur
Norðfjörður Reyðarfjörður Stöðvarfjörður